

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	23.6.2015	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðun Vesturlands	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bjarnarbraut 8	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5306972829	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hrefna Jónsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Gíslason	Staðsetning	349951,516 469714,37

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik eru skráð við eftirlit. Skiladagar skv. starfsleyfi hafa verið virtir og eru starfshættir í samræmi við ákv. starfsleyfis. Töluvert var um fok í vetur vegna veðurs en búið er að hreinsa það að mestu í umhverfi staðarins. Sjá mátti ummerki um fok í skurðum inni á urðunarsvæði. Ekki tókst að framkvæma allar sýnatökur og mælingar á síðasta ári vegna óhagstæðs veðurfars og erfiðrar færðar. Gerðar verða úrbætur á því á þessu ári með því að gera tvær ýtarlegar mælingar á samsetningu sigvatns og á yfirborðsvatni í ár. Unnið er samkvæmt úrbótaáætlun vegna frávikna frá síðasta eftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

1. Skiladagar skv. starfsleyfi sbr. viðauki 2 við starfsleyfi Sorpurðunar Vesturlands
2. Starfshættir á urðunarstað, einkum er varðar ákvæði 2.1, 2.3, 2.7 og 2.11 í starfsleyfi
3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis – fok og fleira
4. Innra eftirlit og skráningar
5. Síðasta eftirlit og úrbætur
6. Skoðun á urðunarsvæðinu.

1. Allir skiladagar hafa verið virtir, upplýsingum um magn úrgangs var ekki skilað á réttu eyðublaði til að byrja með en upplýsingarnar hafa nú borist Umhverfisstofnun. Niðurstöður skráninga skv. grein 5.1 í starfsleyfi eru að mestu leyti að finna í grænu bókhaldi staðarins. Sýnatökur og mælingar sem átti að gera fyrir 31. des voru ekki framkvæmdar vegna óhagstæðs tíðarfars og erfiðrar færðar í kringum svæðið í lok síðasta árs. Í staðinn verða gerðar "stærri greiningar" tvisvar á þessu ári þ.e. fyrir 1. júlí og 1. desember. Þannig verður mælt tvisvar í yfirborðsvatni og ýtarlegri greining á efnispáttum í samsetningu sigvatns framkvæmd tvisvar.

2. Svæðið er afgirt og umgengni takmörkuð. Ekki hefur verið vart við ólöglega losun úrgangs á svæðinu. Töluvert var um fok frá svæðinu í vetur vegna veðurs og þurfti nokkrum sinnum að fara og hreinsa fok úr girðingum í nágrenninu. Búið er að fara og hreinsa í kringum staðinn og voru ekki sjáanleg merki um fok í umhverfi staðarins. Þó mátti sjá plast í skurðum inni á umráðasvæðinu.

Rekstraraðili er ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en hefur umhverfismarkmið og verklagsreglur til að vinna eftir. Ekki er sérstaklega haldið utan um kvartanir sem berast og mætti bæta úr því.

Starfsmenn urðunarstaðarins hafa töluverða reynslu í rekstri staðarins. Starfsleyfi og verklagsreglur eru aðgengilegar starfsmönnum. Lögbundnar tryggingar staðarins liggja fyrir.

3. Girðingar og gróður eru til staðar til að hindra fok úrgangsefna en eins og áður hefur komið fram var þó nokkuð um fok í vetur vegna veðurs. Búið er að hreinsa upp fok í umhverfi staðarins.

Sigvatni er safnað undan urðunarstaðunum og er það leitt í fituskilju áður en því er veitt í sigvatnsskurð sem liggur út í Norðlæk. Lítilsháttar froðumyndun var í sigvatnsskurði þar sem útrás sigvatnsins er úr fituskilju. Heimilt er að nýta sigvatnsskurðinn sem þyngingarsvæði. Ekki voru gerðar mælingar í Norðlæk á síðasta ári en tvær mælingar verða gerðar í ár.

4. Ágætlega er haldið utan um skráningar hjá rekstraraðila. Framkvæmd allra mælinga er í höndum Stefáns Gíslasonar hjá Environice. Búið er að setja niður grunnvatnsholur fyrir ofan og neðan urðunarstaðinn. Ein mæling hefur verið framkvæmd í grunnvatni. Tvær stórar mælingar verða gerðar á efnasamsetningu sigvatns í ár og tvær mælingar á yfirborðsvatni þar sem ekki tókst að mæla á síðari hluta síðasta árs. Á áætlun er að gera síðari mælingu fyrr á þessu ári en ekki í desember eins og undanfarin ár.


5. Rekstraraðili fylgir samþykktri áætlun til úrbóta vegna uppsetningar á söfnunarkerfi fyrir hauggas. Á áætlun er að gera mælingar á þrýstingi og samsetningu hauggas í ágúst á þessu ári.

6. Í skoðunarferð var gengið um svæðið, núverandi urðunarrein og útrásir sigvatns í sigvatnsskurð skoðaðar. Þá var gengið að útrás sigvatns frá eldri urðunarstað og aðstæður skoðaðar. Gert er ráð fyrir að lokafrágangi á eldra svæði verði lokið í haust. Í bigerð er að endurskoða hreinsivirki fyrir eldri stað en vísbendingar eru um að hreinsivirkið sé

ekki að virka nógu vel.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og ágætlega skipulagt, búið er að hreinsa fok en enn mátti sjá plast í skurðum.

Reykjavík, 13.08.2015



Sigríður Kristjánsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.